

Reykjavík 11.12.2013

**Umsögn um þingmál 167 Náttúruvernd **

Ég undirrituð Kt 1904662139 legst eindregið gegn því að Náttúruverndarlög, nr. 60/2013, sem taka eiga gildi 1. apríl 2014, verði felld úr gildi. Virðingarvert er ef meirihluti Alþingis vill endurskoða lög in í samræmi við áherslur þeirra tveggja stjórnmalaflokka sem mynda ríkisstjórn. Á hinn bóginn standa engin efni til þess að afturkalla lög in í heild sinni og þau rök sem umhverfis- og auðlindaráðherra grípur til reynast haldlaus þegar á er tekið.

Hagsmunir ferðapjónustu felast í ósnortini náttúru og sterkri náttúruvernd. Því er mikilvægt að varúðarreglan sé í hávegum höfð. Varúðarreglan styður við aðrar lagagreinar og eykur vægi verndarákvæða laganna.

Undirrituð tellur ákvæði laga nr. 60/2013 um almannarétt ákaflega mikilvæg. Almennaréttur er ein af frumforsendum ferðapjónustu á Íslandi. Afar bagalegt er að umhverfisráðherra hefur ekkert látið uppi með hverjar áherslur hans verða í þeim efnum þegar og ef nýtt frumvarp verður lagt í hans ráðherratið. Full ástæða er til að óttast að hagsmunir landeigenda verði í fyrirrúmi. Jafnvel að opnað verði fyrir gjaldtöku á ferðalanga líkt og gert hefur verið í Kerinu í Grímsnesi.

Undirrituð tekur heilshugar undir athugasemdir Náttúruverndarsamtaka Íslands. Jafnframt tókum við undir þær athugasemdir Samtaka ferðapjónustu sem beinast að almannaréttinum og nauðsyn þess að hann sé styrktur í sessi.

Virðingarfyllst

Andrea Burgherr

1904662139